# Vísindagarðurinn ehf.

## Ársreikningur 2019

Vísindagarðurinn ehf.
Tjarnarbraut 39e
700 Egilsstöðum

Kt. 470507-0390

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 6

Efnahagsreikningur ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og áritun stjórnar

Tilgangur félagsins er rekstur fasteigna og útleiga í þágu þekkingarseturs, allt eingöngu til almenningsheilla. Eigendum er óheimilt að taka hagnað eða arð út úr félaginu.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2019 að fjárhæð 2,0 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi og eigið fé í árslok nam 146,1 millj. kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

Hlutafé félagsins nam í árslok 224,8 millj. kr. og hækkaði um 7,0 millj. kr. á árinu. Hlutafé greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Ríkissjóður Íslands, kt. 54269-6459 | 55,6% |
| Fljótsdalshérað, kt. 481004-3220 | 44,0% |
| Samstarf aðila/Þekkingarsetrið, kt. 410607-0420 | 0,4% |
| | 100,0% |

Stjórn Vísindagarðsins ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 15. apríl 2020

Stjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Vísindagarðsins ehf.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vísindagarðsins ehf. („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem hún telur nauðsynlegt til að gera henni kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema hún ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 7. maí 2020

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur árið 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Húsaleigutekjur | | 16.287.385 | 14.867.589 |
| | | 16.287.385 | 14.867.589 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 2 | 618.310 | 231.015 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 6.752.715 | 7.200.171 |
| Afskriftir | 3 | 8.671.747 | 8.311.451 |
| | | 16.042.772 | 15.742.637 |
| Rekstrarhagnaður (tap) án fjármunatekna og (fjármagnsgjalda) | | 244.613 | ( 875.048 ) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:** | | | |
| Vaxtatekjur | | 179.530 | 166.859 |
| Vaxtagjöld | | ( 2.411.497 ) | ( 2.752.693 ) |
| | | ( 2.231.967 ) | ( 2.585.834 ) |
| **Tap ársins** | 5 | ( 1.987.354 ) | ( 3.460.882 ) |

# Efnahagsreikningur 31.desember 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Fasteignir | 3 | 133.422.902 | 142.094.649 |
| Fastafjármunir samtals | | 133.422.902 | 142.094.649 |
| Viðskiptakröfur | | 0 | 112.950 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 456.753 | 215.182 |
| Handbært fé | | 45.500.961 | 32.792.615 |
| Veltufjármunir samtals | | 45.957.714 | 33.120.747 |
| **Eignir samtals** | | 179.380.616 | 175.215.396 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 224.800.000 | 217.800.000 |
| Ójafnað eigið fé | | ( 78.714.812) | ( 76.727.458) |
| Eigið fé samtals | 5 | 146.085.188 | 141.072.542 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Langtímaskuldir | 6 | 31.599.450 | 32.261.089 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Næsta árs afborgun | 6 | 1.516.774 | 1.477.607 |
| Viðskiptaskuldir | | 44.759 | 270.609 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 134.445 | 133.549 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 1.695.978 | 1.881.765 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 179.380.616 | 175.215.396 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tap samkvæmt rekstrarreikningi | 5 | ( 1.987.354) | ( 3.460.882) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 8.671.747 | 8.311.451 |
| Verðbætur | | 777.528 | 1.038.023 |
| Veltufé frá rekstri | | 7.461.921 | 5.888.592 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 128.621) | 40.974 |
| Skammtímaskuldir, lækkun | | ( 224.954) | ( 247.620) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 353.575) | ( 206.646) |
| Handbært fé frá rekstri | | 7.108.346 | 5.681.946 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | | 0 | ( 13.511.098) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 0 | ( 13.511.098) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborgun langtímalána | | ( 1.400.000) | ( 1.400.000) |
| Innborgað hlutafé | | 7.000.000 | 7.500.000 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 5.600.000 | 6.100.000 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 12.708.346 | ( 1.729.152) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 32.792.615 | 34.521.767 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 45.500.961 | 32.792.615 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

**a.** Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

**b. Rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármunarins, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

**c. Handbært fé**

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## 2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Laun | 261.592 | 82.500 |
| Stjórnarlaun | 275.000 | 110.000 |
| Lífeyrissjóðsgjöld | 36.856 | 21.725 |
| Önnur launatengd gjöld | 44.862 | 16.790 |
| | 618.310 | 231.015 |

## 3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

| | Fasteign |
|---|---|
| Heildarverð 1.1.2019 | 216.793.666 |
| Afskrifað áður | ( 74.699.016 ) |
| Bókfært verð 1.1.2019 | 142.094.649 |
| Afskrifað á árinu | ( 8.671.747 ) |
| Bókfært verð 31.12.2019 | 133.422.902 |
| Viðbót ársins | 0 |
| Heildarverð 31.12.2019 | 216.793.666 |
| Afskrifað samtals | ( 83.370.763 ) |
| Bókfært verð 31.12.2019 | 133.422.902 |
| | |
| Afskriftarhlutföll | 4% |

## 4. Fasteignamat og vátryggingarverð

Fasteignamat fasteignar í árslok 2019 nam 136,9 millj. kr. (2018: 136,2 millj. kr.). Brunabótamat fasteignar nam 416,4 millj. kr. í árslok 2019 (2018: 389,0 millj. kr.).

## 5. Eigið fé

Yfirlit um eigið fé:

| | Hlutafé | Ójafnað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2019 | 217.800.000 | ( 76.727.458) | 141.072.542 |
| Innborgað hlutafé á árinu | 7.000.000 | 0 | 7.000.000 |
| Tap ársins | 0 | ( 1.987.354) | ( 1.987.354) |
| Eigið fé 31.12.2019 | 224.800.000 | ( 78.714.812) | 146.085.188 |

### 6. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

| | Fasteign |
|---|---|
| Verðtryggt lán á gjalddögum til 2041. Vextir 4,3% | 33.116.224 |
| Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir | 33.116.224 |
| Næsta árs afborgun | ( 1.516.774) |
| Langtímaskuldir samtals | 31.599.450 |

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör í árslok 2019 en vaxtakjör breytast miðað við markaðsvexti.

Afborganir af langtímalánum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2020 | 1.516.774 |
| Árið 2021 | 1.516.774 |
| Árið 2022 | 1.516.774 |
| Árið 2023 | 1.516.774 |
| Árið 2024 | 1.516.774 |
| Afborganir síðar | 25.532.354 |
| Verðtryggt lán á gjalddögum til 2041. Vextir 4,3% | 33.116.224 |

### 7. Skattamál

Samkvæmt samþykktum félagsins má einungis ráðstafa hagnaði og eigum félagsins til almannaheilla og er eigendum óheimilt að taka hagnað eða arð út úr félaginu. Félagið er því undanþegið tekjuskatti, sbr. 4. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

### 8. Atburðir eftir lok reikningsskiladag

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um endanlega áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum lýkur.

Það er mat stjórnenda að faraldurinn mun að óbreyttu ekki hafa áhrif á tekjur félagsins til skemmri tíma litið en erfitt er að leggja mat á áhrif hans til lengri tíma í ljósi framangreindrar óvissu en meta greiðsluhæfi þess þó ekki skert en.

### 9. Önnur mál

Fljótsdalshérað hefur skuldbundið sig til að leggja fram hlutafé til félagsins til jafns við hlut ríkisins, allt að 120,0 millj. kr., fyrir árslok 2022. Í árslok 2019 nam ógreitt hlutafjárloforð 21,2 millj. kr.

# Sundurliðanir

| **Annar rekstrarkostnaður:** | **2019** | **2018** |
| --- | --- | --- |
| Fasteignagjöld og lóðarleiga | 3.015.702 | 2.881.232 |
| Viðhald fasteignar | 899.558 | 1.595.439 |
| Vátryggingar | 815.738 | 671.652 |
| Endurskoðun, reikningsskil, skattar og önnur sérfræðiþjónusta | 626.687 | 549.780 |
| Hiti | 425.115 | 379.586 |
| Sorphirða og sorplosun | 372.955 | 172.372 |
| Bókhaldsþjónusta | 253.180 | 174.440 |
| Rafmagn | 169.655 | 103.625 |
| Annar kostnaður | 60.421 | 28.820 |
| Rekstur sameignar | 54.456 | 89.968 |
| Bankakostnaður, þjónustugjöld | 20.818 | 21.525 |
| Útvarpsgjald | 17.500 | 17.100 |
| Burðargjöld / Flutningur | 14.700 | 11.990 |
| Tölvuþjónusta | 6.230 | 6.230 |
| Umsjónarsamningur húsnæðis | 0 | 488.412 |
| Gjafir og styrkir | 0 | 8.000 |
| | 6.752.715 | 7.200.171 |